

Ákvæði til bráðabirgða.

110

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og 1. málsgr. 1. gr. laga þessara 24. des. hefði öðlzt gildi 1. jan. 1954.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

111

27. des.

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. des. 1954 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 1830.00 á mánuði, að meðtalinni grunnuppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á grunnlaun, sem hærri eru en kr. 1830.00 á mánuði, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 5 stigum, þó þannig, að á þann hluta mánaðarlauna, sem umfram er kr. 2200.00, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Laun reiknuð samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei vera lægri en hæstu laun eftir 2. málsgr. og skal því, ef þau eru lægri, hækka þau í sömu upphæð og síðar nefnd laun nema.

2. gr.

Reikna skal kaupgjaldsvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðar nefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 94 1947, vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á kaup launþega síðan 1. maí 1950.

Kaupgjaldsvísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember að telja.

3. gr.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkzt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun, og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.

111

27. des. Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felldar 6. gr. laga nr. 22 1950 og 3. málsg. 1. gr. laga nr. 105 1951, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

4. gr.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

112

27. des.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1955 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	62 800 000	
2. Stríðsgróðaskattur	5800000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga	2900000	
	2 900 000	65 700 000
3. Vörumagnstollur	26 000 000	
4. Verðtollur	147 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	8 000 000	190 500 000
7. Lestagjald af skipum	300 000	
8. Bifreiðaskattur	4 000 000	4 300 000
9. Aukatekjur	7 600 000	
10. Stimpilgjald	13 000 000	
11. Vitagjald	1 000 000	
12. Leyfisbréfastgjald	400 000	
13. Útflutningsleyfastgjöld	500 000	22 500 000
14. Söluskattur		112 000 000
15. Leyfisgjöld		2 500 000
Samtals	397 500 000